



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Staða starfshópa Ísaks – stofnaðir út frá tillögum stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak)¹*

Forsaga:

Í ráðum beggja sviða og borgarráði í júní 2021 voru samþykktar sex tillögur sem stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir lagði til (stýrihópurinn Ísak). Ákveðið var m.a. að innleiða Betri borg fyrir börn í öll þjónustuhverfi borgarinnar, til þess meðal annars að geta með markvissari hætti brugðist við þeim breytingum sem bæði ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ²(farsældarlögin) og innleiðing breyttra áherslna Betri borgar fyrir börn kallaði eftir. Stofnaðir voru fimm starfshópar í samræmi við tillögurnar sex. Einnig var stofnaður eigendahópur BBB sem í eiga sæti sviðsstjórar beggja sviða, skrifstofustjórar fagskrifstofa á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði sem fara með málefni barna, fulltrúi framkvæmdastjóra á miðstöðvum, fulltrúi skóla- og frístundaþjónustu á vettvangi og verkefnastjóri innleiðingar BBB. Auk þess sitja skrifstofustjórar stjórnarsýslu og sviðsstjóra á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði tímabundið í hópnum. Ráðgjafi hefur starfað með hópnum tímabundið.

Haustið 2021 hófu starfshópar vinnu á grundvelli tillagna stýrihópsins. Verður hér gerð grein fyrir stöðu vinnunnar og tillögum um næstu skref.

Tillaga 1:

Lagt er til að verkefnið Betri borg fyrir börn verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná samlegðaráhrifum m.a. á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Borginni verði skipt í fjögur þjónustuhverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuhverfin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti. Unnið er að mati á verkefninu Betri borg fyrir börn í Breiðholti og verði niðurstöður nýttar í

¹ [Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir – júní 2021](#)

² [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna \(nr. 86/2021\).](#)

skipulagi á verkefninu. Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, þ.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Nánari tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð og velferðarráð eigi síðar en 1. október næstkomandi. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík hefjist um áramót 2021/2022.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Innleiðing tillögunnar fól í sér umfangsmiklar skipulagsbreytingar á velferðarsviði (VEL) og skóla- og frístundasviði (SFS). Þann 3. janúar 2022 var nýju skipulagi hrint úr vör. Þjónustumiðstöðvar VEL fengu nýtt hlutverk, ný skipurit og ný heiti, þ.e. miðstöðvar Reykjavíkurborgar, ein í hverjum borgarhluta (Norður, Suður, Austur og Vestur). Sérstök eining „Betri borg fyrir börn“ var sett á laggirnar á miðstöðvunum þar sem sérfræðingar beggja sviða vinna nú saman að farsæld barna í nærþjónustu. Tæplega 40 stöðugildi fluttust til innan SFS út á miðstöðvarnar og jafnframt fluttust sérfræðingar skólaþjónustu sem áður var framkvæmd var af VEL yfir til SFS, þ.e. hegðunarráðgjafar, kennsluráðgjafar, sérkennsluráðgjafar og talmeinafræðingar. Skóla- og frístundaþjónusta er nú á hverri miðstöð ásamt deild barna og fjölskyldna sem samanstendur af félagsráðgjöfum, sálfræðingum og þroskaþjálfum. Saman mynda þessar tvær einingar Betri borg fyrir börn, sem á að koma enn betur til móts við þarfir barna gegnum heildstæðari þjónustu við vettvang barnanna; leikskóla, grunnskóla, frístundaþjónustu og heimili.

Samstarfssamningur var gerður milli VEL og SFS um ábyrgðar- og verkaskiptingu sviðanna (meðfylgjandi). Þá var jafnframt hafist handa við gerð nýs verklags í þjónustu við börn undir formerkjum BBB og í samræmi við ný farsældarlög. Verkefnið sem var unnið í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar var metið forgangsverkefni af borgarstjóra og fékk styrk frá Bloomberg-stofnuninni í Bandaríkjunum. Gerð er grein fyrir stöðu þess verkefnis undir tillögu 4.

Öll verkefni sem hópnum var falið að framkvæma eru því komin til framkvæmda. Hópurinn hefur verið lagður niður og eftirfylgd með verkefninu og eftir atvikum nauðsynlegar aðgerðir eru nú í höndum eigendahóps BBB.

Tillaga 2:

Lagt er til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglinga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1.033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsriðun.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Tillagan var, sem áður segir, samþykkt í borgarráði og umbeðið fjármagn veitt. Árið 2021 jukust beiðnir frá leik- og grunnskólum um 30% milli ára sem jók enn á vandann og því mikilvægt að geta brugðist við auknum biðlistum með því fjármagni sem fékkst. Erfiðlega gekk að fá verktaka til starfa vegna skorts á bæði sálfræðingum og talmeinafræðingum og því var óskað eftir heimild, við gerð fjárhagsáætlunar 2023, til að færa fjármagn sem ekki náðist að nýta á árinu 2022. Niðurstaða um heimild til nýtingar fjármagns liggur ekki fyrir á þessari stundu. Á síðari hluta árs 2021 var vinna sett af stað við að greina alla biðlista á miðstöðvum. Stjórnendur voru beðnir um að

yfir fara alla biðlista mála til sálfræðinga og talmeinafræðinga út frá nýjum forsendum tengdum farsældarlögum. Forsendurnar ganga út á að koma snemma að málum barna með sérstakar þjónustuparfir og sterkari rök þarf að færa fyrir beiðnum um greiningar. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að það fækkaði á biðlistum vegna grisjunar og fleiri málum var úthlutað til sálfræðinga og talmeinafræðinga. Aukning úthlutaðra mála til sálfræðinga (111%) og talmeinafræðinga (44%) var samtals 86% milli ára 2019 og 2022.

Í heild hefur um 470 börnum af þeim 650 sem tillagan gerði ráð fyrir verið sinnt með margvíslegum hætti, í formi tímabundinna ráðninga sálfræðinga og talmeinafræðinga, verktakavinnu gegnum báða faghópa og námskeiðahaldi gegnum Keðjuna, sem er stoðþjónusta fyrir börn og fjölskyldur. Þar með hefur um 72% af þeim börnum sem áætlað var að sinna gegnum viðbótarfjármagnið verið sinnt.

Þótt ekki hafi tekist að nýta 83,3 m.kr. af því fjármagni sem lagt var til verkefnisins vegna þeirra atvika sem greint er frá að ofan þá náðist að veita 72% af hópnum þjónustu fyrir einungis 41% af fjármagninu. Hafið er samstarf Háskólans í Reykjavík og Keðjunnar um að bjóða foreldrum 120 barna námskeið í hugrænni atferlismeðferð barna sem glíma við tilfinningavanda, s.s. kvíðaeinkenni eða þunga lund. Í lok árs eru 1825 börn sem bíða eftir þjónustu sálfræðinga (1289 börn) og talmeinafræðinga (536 börn). Í nýju verklagi sem unnið er eftir undir BBB er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og samræmt verklag um alla borg sem mætir þörfum fyrr og dregur úr líkum á þörf á þjónustu á síðari stigum. Innleidd verða lausnarteymi í alla leikskóla og grunnskóla borgarinnar. Aðkoma frístundarþjónustu verður í gegnum lausnarteymi í grunnskólum. Í notendarannsóknum sérfræðingahóps Bloomberg-verkefnisins á lausnarteymum í samstarfi tveggja grunnskóla og miðstöðva kemur skýrt fram að notkun lausnarteyma leiðir til þess að fleiri mál eru að klárast í lausnarteymum, færri mál berast nemendaverndarráðum og færri beiðnir berast til miðstöðva. Þar með minnkar t.d. þörf á erindum til sálfræðings eða talmeinafræðings. Í lausnarteymum er unnið markvissar með starfsmönnum grunnskólanna, starfsfólkið er valdeflt og upplifir meiri ánægju með aðgengi að ráðgjöf og lausnum. Fleiri mál eru því afgreidd á fyrsta stigi þjónustunnar og er ekki vísað áfram á annað stig gegnum nemendaverndarráð.

Eigendahópur BBB mun setja af stað verkefni er snýr að áframhaldandi greiningu á biðlistum og eftirfylgd með hinu nýju verklagi.

Tillaga 3:

Aukin áhersla verði lögð á að taka tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns til grunnskóla í borginni með það að markmiði að auka jöfnuð milli barna og skóla í anda stefnunnar um Menntun fyrir alla. Byggt verði á Vísunum að auknum tækifærum (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggi ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki nauðsynleg forsenda stuðnings. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Þegar tillagan var samþykkt var hún þegar komin mjög langt í undirbúning hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Tillögunni var hrint í framkvæmd í grunnskólalíkaninu Eddu sem tekið var í notkun á árinu 2022. Úthlutun fór í fyrsta sinn fram samkvæmt því fyrir árið 2023. Of snemmt er að segja til um árangur við beitingu snemmtæktrar íhlutunar.

Tillaga 4:

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkferlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Undirbúningur rafvæðingar á umsóknarferli um skólaþjónustu hófst og ferlið var endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Aðgengi foreldra var auðveldað og einfaldað og verkferlar samræmdir. Stafrænn hópur var fenginn sérstaklega til verksins gegnum þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) auk sérstaks styrks frá Bloomberg-stofnunni þar sem verkefnið var metið í forgangi af borgarstjóra og sérstaklega tilnefnt sem umsóknarverkefni um styrkinn. Starfshópurinn ásamt verkefnisstjórn BBB (tillaga 6) og hópi fólks sem valinn var til aðstoðar hefur rannsakað þjónustuna gegnum notendaviðtöl við börn og fjölskyldur, starfsfólk leik- og grunnskóla, starfsfólk miðstöðva, barnavernd og miðlægar skrifstofur. Komnar eru fram tillögur til lausna sem felast í endurskoðuðu verklagi, rafrænum og vitrum eyðublöðum (e. smart documents), vegvísi fyrir foreldra og kerfi fyrir sögu barnsins, sem verður í vinnslu næstu misserin. Strax er hafin vinna við það sem auðveldast er að framkvæma af þessum tillögum. Innleiðing á breyttu verklagi við veitingu þjónustu á fyrsta og öðru stigi hófst haustið 2022 og þessa stundina er verið að notendaprófa vitru eyðublöðin. Hópurinn mun skila af sér til eigendahóps BBB og þar mun áframhaldandi vinna sett í farveg.

Tillaga 5:

Lagt er til að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustupörfum þeirra barna sem þarfnast stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Starfshópur hefur lagt upp með nýtingu handbóka lærdómssamfélagsins sem unnar hafa verið í leik-, grunn og frístundastarfi sem bæði leiðarvísi og grunn í notkun bættra vinnubragða. Sérfræðingar PON hafa einnig komið að endurbótum þessara handbóka ásamt verkefnastjórum, sem einnig unnu að kortlagningu mælitækja sem nýta ber á öllum starfssviðum. Mats- og mælitæki í leikskólum, grunnskólum og frístundaþjónustu eru tilbúin og aðgengileg til notkunar í gegnum upplýsingabrunn Reykjavíkurborgar á Workplace. Handbækurnar verða tilbúnar til notkunar í ársbyrjun 2023 og á sama tíma verður innleitt stöðumat vegna barna sem sótt er um tiltekna stuðningsþjónustu fyrir. Verkefnastjóri og eigendahópur mun fylgja þessum hluta eftir.

Tillaga 6:

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustu

Þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eigi sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skili áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Staða á framkvæmd tillögunnar:

Verkefnisstjórn var sett á laggirnar og í henni sátu fulltrúar frá öllum miðlægu skrifstofunum fjórum; leikskóla, grunnskóla, frístundar og skrifstofu velferðarsviðs. Hópurinn hefur unnið með öllum ofangreindum starfshópum, framkvæmdastjórnnum beggja sviða ásamt stafrænum starfshópi frá ÞON. Haldnir hafa verið fundir í öllum hverfum, vor og haust 2022, en einnig með lykilaðilum frá öllum stofnunum fyrsta þjónustustigs, leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum ásamt fagaðilum og stjórnendum frá nýjum miðstöðvum borgarinnar. Þá átti hópurinn í samskiptum við hagsmunaaðila s.s. BUGL, Geðheilsamiðstöð barna, Sjónarhól o.fl. Eigendahópur BBB tók yfir hlutverk verkefnastjórnar frá síðustu áramótum. Undir Eigendahópi BBB starfar sérstakur undirhópur sem sinnir þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að sinna áfram í innleiðingu BBB.

Starfshópar Ísaks hafa verið lagðir niður og verkefni flutt til eigendahóps BBB eftir því sem við á í samræmi við það sem getið er að framan.